

Nd.

657. Nefndarálit

[220. mál]

um frv. til l. um breyting á l. nr. 57 27. apríl 1973 um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof).

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Undirritaðir nefndarmenn telja mjög brýna nauðsyn að tryggja nú þegar jafnrétti íslenskra kvenna að því er varðar fæðingarorlof. Eina rökréttu leiðin til þess að ná því marki er að fela almannatryggingum það verkefni og auka greiðslur atvinnurekenda til trygginganna sem þessum kostnaði nemi. Tillaga um það efni var flutt fyrr á þessu þingi af framsögumanni þessa nefndarálits á þingskjali 481. Sú tillaga var felld af öllum þingmönnum stjórnarflokkanna, þannig að ljóst er að ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar vilja ekki leysa þetta mikla félagslega vandamál í heild.

Hins vegar hafa sjö þingmenn stjórnarflokkanna lagt til að vandamálið verði leyst að takmörkuðu leyti með því að skylda Atvinnuleysistryggingasjóð til þess að greiða konum, sem aðild eiga að sjóðnum, hluta af fæðingarorlofi. Við teljum að þetta sé ekki eðlilegt verkefni Atvinnuleysistryggingasjóðs, bendum á að greiðslurnar mundu aðeins nema 70—80% af fyrri daglaunum og að mikill fjöldi kvenna yrði afskiptur, m. a. sveitakonur og konur sem bundnar eru á heimilum sínum af ómegð eða öðrum félagslegum ástæðum. Engu að síður teljum við hvern áfanga mikilvægan í þessu réttlætismáli og munum því greiða atkvæði með því að Atvinnuleysistryggingasjóður taki að sér þetta verkefni meðan verið er að finna fullgilda lausn.

Til þess að Atvinnuleysistryggingasjóður geti risið undir þessu verkefni þarf annað tveggja að auka tekjur hans eða skera niður þau verkefni sem sjóðurinn annast nú. Við teljum ekki rétt að takmarka núverandi verksvið sjóðsins, enda hafa engar rökstuddar tillögur komið fram um það efni. Því berum við á sérstöku þingskjali fram tillögur um að greiðslur atvinnurekenda í sjóðinn verði auknar, og eru tillögurnar við það miðaðar að árstekjur sjóðsins hækki um 150 millj. kr. Þá upphæð yrði síðan að endurskoða í samræmi við fengna reynslu.

Alþingi, 10. maí 1975.

Magnús Kjartansson,
frsm.

Karvel Pálmason.